



Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Sigurður Pétursson
Sími ábyrgðarmanns	777 3123
Netfang ábyrgðarmanns	sp@afish.is
Nafn fyrirtækis	Arctic Sea Farm hf
Kennitala fyrirtækis	700807 0450
Starfsstöð fyrirtækis	Grandagardur 16
Póstnúmer og staður	101 Reykjavík
Sími fyrirtækis	777 3123
Netfang fyrirtækis	accounting@afish.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Jón Örn Pálsson
Sími tengiliðs	8921896
Netfang tengiliðs	jon@fjardalax.is

Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Fyrirtækið Arctic Sea Farm hf (áður Dýrfiskur hf) hóf eldi á regnbogasilungi í Dýrafirði haustið 2008. Starfsmenn fyrirtækisins búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á eldi í sjókvíum og umhverfisskilyrðum til sjókvíaeldis í Dýrafirði. Nú þegar starfa 6 starfsmenn við sjókvíaeldi Arctic Sea Farm (ASF) í Dýrafirði og í heild starfa yfir 50 starfsmenn hjá móðurfélagi ASF, Arctic Fish (AF), við eldi, vinnslu, sölu afurða og rekstur fyrirtækisins. Arctic Sea Farm hefur einnig staðið fyrir allvíðamiklum umhverfisrannsóknum í Dýrafirði frá því að eldið hófst 2008 og hefur þannig stuðlað að aukinni þekkingu sem styrkir frekar sjálfbæra nýtingu á Dýrafirði til fiskeldis.

Uppdrættir af staðsetningu	staðsetning svæða - des 2015.odt
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	Framkvæmdin er utan við skipulagsskyld svæði sveitarfélaga.odt
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	Tilkynning Dýrfiskur 4000tn.pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Til fóðrunar á laxinum verður notað þurrfóður framleitt úr viðurkenndum leyfilegum hráefnum s.s. fiskimjöl, fiskilýsi, repjólía, plöntumjöl, snefilefni og vítamín. Heildarmagn fóðurs til framleiðslu á 4.000 tonnum af laxi eða regnbogasilungi yfir þriggja ára tímabil er áætlað um 5.000 tonn. Áætlað er að fóðrið innihaldi að meðaltali 39% af próteini, 31% fitu og 13% kolvetni. Seiðin verða bólusett fyrir öllum algengum bakteríusjúkdómum og því er ekki ráðgert að nota lyf við framleiðsluna. Ekki verða notuð gróðurvarnarefni á netpoka. Önnur hjálparefni er eldsneyti á báta, bíla og lyftara.

Hver er fyrisjáanleg losun framleiðslunnar?

Arctic Sea farm hefur gert samstarfsamning um fyrirtækið Klofning ehf, sem hefur starfsaðstöðu á Ísafirði til að frysta lífrænan úrgang í dýrafóður (starfsleyfi nr: IS-A144). Slappur fiskur og dauðvona er fjarlægður daglega frá yfirborði eldiskvíar og dauður fiskur er fjarlægður minnst þrisvar í viku frá botni eldiskvíar. Þessi fiskur er allur sendur til Ísafjarðar til frystingar í dýrafóður. Annað lífrænt hráefni sem ekki er ferskt verður afhent Gámaþjónustu Vestfjarða hf til förgunar. Gámaþjónsuta Vestfjarða annast móttöku á öllu sorpi og úrgangi til endurvinnslu.

Eins og áður segir er áætlað að allt að 5.000 tonn af fóðri verði gefið árlega eldisfiski í Dýrafirði þegar starfsemin verður kominn í fullan rekstur. Samtals mun berast 491 tonn af kolefni, nitur og forfór út í umhverfið í föstu og uppleystu formi (tafla 2). Þar af berst um 173 tonn af nitur í sjó og af því magni er áætlað að 75% verði í uppleystu formi, sem skilst út frá fiskinum frá tálknum og sem þvægefni.

Magn á botnfall frá fiskeldiskvíum er útskýrt í tilkynningu til Skipulagsstofnunnar. Áætlað er að 10% af öllum seiðum drepist yfir 20 mánaða eldistíma, eða alls um 110-140 þús. fiskar þegar eldisstöðin verður fullbyggð. Erfitt er að áætla lífmassa á þessum fiski. Ef áætlað er að um 70% af afföllum komi fram fyrstu 6 mánuðina þá er ráðgert að 100 tonn af dauðum og slöppun fiski verði fryst í dýrafóður.

Tómír fóðursekkir er annar úrgangur sem fellur til við framleiðsluna. Fóður er flutt til svæðisins í 600 kg trefjaplastsekkjum. Samtals eru því fluttir 7.700 stk af fóðursekkjum fyrir eina kynslóð af fiski. Þessi fóðursekkir verða fluttir til Sorpu í Reykjavík til förgunar.

Tafla. Áætlað magn af lífrænum úrgangsefnum sem berast út í umhverfið.

Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

2015-11-24 Starfsleyfisumsókn fyrir Dýrafjörð 4000 t - greinargerð.doc

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Allar eldiskvíar verða útbúnar með norska kerfinu „Liftup“ (www.liftup.no), eins og áður greinir. Með slíku kerfi er dauðum fiski og fóðurleyfum lyft upp í affallskassa á yfirborði, með hjálp loftdælu. Kerfið dregur úr lífrænu álagi á eldissvæðið og veitir mikilvægar upplýsingar um afföll og fóðurleifar. Áætlað er að uppsafnaðar fóðurleifar verði óverulegar enda markmiðið að hámarka fóðurnýtingu. Þó verður ekki hjá því komist að tímabundið geti orðið lítilsháttar fóðurleifar.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út Arctic Sea Farm - vöktunaráætlun -2015 (drög).docx í umhverfið?

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Arcticfish ehf hefur gert samstarfssamning og vöktunaráætlun sem unnin er í samráði við Náttúrustofu Vestfjarða. Þar er um að ræða vöktun á hugsanlegum áhrifum af botnfalli á botndýralíf og lífræn næringarefni á sjávarbotni undir og í nágrenni eldissvæða, eins og getið er um í starfsleyfi fyrirtækisins.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Hætta á úrgangssöfnun er undir eldiskvíum. Til að draga sem mest úr úrgagnssöfnun undir eldiskvíum er eftirfarandi verklagi fylgt:

- * Þéttleiki fiska í eldiskvíum er haldið lágum (max 15 kg/m³)
- * Fjarlægð milli eldiskví í kvíapirpingu verður minnst 50 metrar
- * Fylgjst verður með fóðurtöku fiska með neðansjávarmyndavélum til að koma í veg fyrir yfirfóðrun
- * Fylgst verður náið með vexti fiska til að vakta fóðurnýtingu og þéttleika
- * Dauður fiskur er reglulega fjarlægður úr eldiskvíum með "Liftup" búnaði
- * Regluleg vöktun á botndýralífi undir og í nágrenni eldiskvía
- * Til að koma í veg fyrir langtímaáhrif á botndýralíf verða kvíapirpinga færðar til innan eldissvæða milli seiðárganga

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Eingöngu eru notuð náttúruleg hráefni í fóður og fastur úrgangur og fóðurleyfar eru náttúruleg hráefni sem innihald ekki eiturefni eða þrávirk efni. Þegar fullri framleiðsla hefur verið náð (4.000 t) er áætlað er að 173 tonn af nitur berist í sjó og þar af verða 44 tonn í föstu formi og 129 tonn í uppleystu formi. Þess utan má búast við því að 100 tonn af dauðum fiski þurfi að taka upp úr eldiskvíum. Áætlað er að 70% af því magni verði tekið óskemmt úr eldiskvíum og fryst sem hráefni í loðdýrafóður. Um 30% þurfi að farga í samtáði við Gámapiónustu Vestfjarða og er fyrst um sinn gert ráð fyrir urðun á viðurkenndu svæði.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Lífrænt aukahráefni sem ekki er hæft til frystingar er afhent Gámapiónustu Vestfjarða til urðunar á viðurkenndu svæði. Með vaxandi starfsemi verður fjárhagslega raunhæft að nýta aukahráefni af lakari gæðum til meltuframleiðslu til endurnýtingar eða til metanframleiðslu. Slíkar lausnir verða unnar í samstarfi við fiskeldisfyrirtækin á Vestfjörðum, gegnum klasasamstarf.

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Nei. Ekkert annað fyrirtæki stundar sjókvíaelði í Dýrafirði. Fiskvinnsla á Þingeyri er óveruleg og lífrænt frárennsli í fjörðinn takmarkað frá íbúðabyggð og landbúnaði. Burðarþol Dýrafjarðar til fiskeldis er talið vera allt að 10 þús tonn og er fyrirhuguð stækkun á framleiðslu talsvert undir burðarþoli fjarðarins.

Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Arctic Sea farm hf sækir hér um starfsleyfi til framleiðslu á 4.000 tonna laxi eða regnbogasilungi í Dýrafirði. Fyrirhugað er að auka framleiðsluna úr 2.000 tonn árlega í allt að 4.000 tonn af laxi eða regnbogasilungi. Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að framkvæmdin sé ekki matsskyld (8. júlí 2015, mál nr 201504004). Eldið mun fara fram á þremur aðskildum árgangsvæðum í Dýrafirði. Til að draga sem mest úr neikvæðum á hafsbotn í næsta nágrenni við eldiskvíar eru eldissvæðin nægjanlega stór til að skapa rými til að færa kvíabyrpingar til milli seiðaárganga. Þannig er mögulegt að hvíla botnsvæði eftir því sem vöktunarrannsóknir gefa tilefni til. Eldissvæðin verða nýtt sem árgangsvæði þar sem hver kynslóð seið varður alin aðskilin og eftir að slátrun er lokið er eldissvæðið hvílt í 3 mánuði. Árlega verða sett út 1,1-1,4 milljón seiða í 10-12 stk eldiskvíar, sem verða staðsettar á einu af þremur afmörkuðum eldissvæðum, við Haukadalsbót, Mýrarfell eða Gemlufell. Framleiðslutíminn er 18-24 mánuðir og fiskinum verður síðan slátrað yfir 10-12 mánaða tímabil. Hver eldissvæði veður hvílt í minnst 3 mánuði eftir að slátrun en lokið og ný seiði sett í eldiskvíar á svæðinu.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri	Samkvæmt bráðabirgðamati Hafrannsóknastofnunar er Burðarþol Dýrafjarðar til fiskeldis allt að 10.000 tonn.
Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar	ArcticFish hf - Áætlun vegna rekstrarstöðvunar - 2015.docx
Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar	ArcticFish hf - Áætlun vegna rekstrarstöðvunar - 2015.docx
Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:	
Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Trygging - Mengun hafs og stranda - 4.nov 2015.PDF lög nr. 33/2004	
Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda	ArcticFish hf - áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar - 2015.docx
Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda	ArcticFish hf - áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar - 2015.docx
Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)	
Viðbótargögn	NAVE yfirlit - Fiskeldi og dýralíf Dýrafirdi - okt 2015.pdf
Viðbótargögn	